

Priðjudaginn 22. janúar 1974.

Nr. 154/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn

Hjörleifi Jónssyni

(Jón Bjarnason hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.**

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í 3.—5. tölulið ákæruskjals er ákærði sóttur til saka fyrir akstur bifreiðarinnar R 5387. Í ljós er leitt, að hér er átt við bifreiðina G 5387. Ekki varða þessi mistök í ákæruskjali frá-
vísun máls, enda komi fram vörn af hálfu ákærða um þetta ákæruatriði, sbr. 118. gr., 3. málsg., laga nr. 82/1961 og nú 118. gr., 3. málsg., laga nr. 73/1973.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sann-
ur að sök um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis í fimm
nánar greind skipti á árinu 1970, sbr. 1.—5. tölulið ákæru-
skjals. Færa ber háttsemi ákærða til refsíákvæða, svo sem
hér segir:

1. Samkvæmt málflutningi saksóknara ríkisins fyrir
Hæstarétti ber að túlka 1., 2., 4. og 5. tölulið ákæruskjals svo,
að fyrir háttsemi ákærða, sem þar er greind, sé hann sóttur
til saka samkvæmt 3. málsg. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/
1968, að því er varðar umferðarlög. Ber að staðfesta þá úr-
lausn héraðsdómara, að atferli ákærða samkvæmt þessum
töluliðum ákæruskjals varði við 2., sbr. 3. málsg. 25. gr., sbr.
80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Enn fremur ber að refsa
vegna ákæruafna samkvæmt 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr.
áfengislaga nr. 82/1969. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms,
að ákæruafni í 4. tölulið ákæruskjals varði ákærða refsingu
samkvæmt 1. málsg. 19. gr., sbr. 1. málsg. 80. gr. umferðar-
laga nr. 40/1968.

2. Í 3. tölulið ákæruskjals er ákærði sóttur til saka fyrir

akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis hinn 9. júlí 1971. Svo sem greinir í héraðsdómi, fundust í blóðsýni ákærða „reducerandi efni samsvarandi 1.33‰ af alkóhóli“. Vínandamagn í blóði ákærða hefur samkvæmt því náð því marki, sem greinir í 4. málsg. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þótt tekið sé tillit til annarra „reducerandi“ efna í blóðinu og hugsanlegrar mælingarskekkju, sbr. dóma Hæstaréttar í XXXVII. bindi, bls. 2 og 134, og XXXVIII. bindi, bls. 1140. Varðar atferli ákærða samkvæmt þessum ákærulið við 2., sbr. 4. málsgrein 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði sé sýkn af ákæru fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi hans frá birtingu héraðsdóms, hinn 6. mars 1973, að telja.

Staðfesta ber enn fremur úrlausn héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Það athugast, að héraðsdómur sá, er ákærði sætti og vísað er til í hinum áfrýjaða dómi, gekk 31. janúar 1957, en eigi 1. febrúar 1967.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hjörleifur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. mars 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 6. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni saka-

dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 110/1973: Ákærvaldið gegn Hjörleifi Jónssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 23. mars 1972, gegn Hjörleifi Jónssyni, Lindargötu 11, fæddum 7. október 1910 í Reykjavík, „fyrir að hafa fimm sinnum á árinu 1971 ekið bifreiðum undir áhrifum áfengis, svo sem hér greinir nánar:

1. Þriðjudaginn 11. maí bifreiðinni R 213 frá Lindarbraut á Seltjarnarnesi um götur Reykjavíkur og Kópavogs, þar sem akstri lauk á Þinghólsbraut.

2. Miðvikudaginn 16. júní bifreiðinni R 5406 frá Reykjavík upp í Borgarfjörð. Enn fremur fyrir að neyta áfengis við aksturinn. Bifreiðin lenti út af vegi við Laxá í Leirársveit.

3. Föstudaginn 9. júlí bifreiðinni R 5387 frá Selvogsheiði, þar sem ákærði neytti áfengis í bifreiðinni, þar til bifreiðin lenti út af vegi við Ásgarð í Grímsnesi. Enn fremur fyrir að aka bifreiðinni stórlega vanbúinni til aksturs greint sinn.

4. Þriðjudaginn 20. júlí sömu bifreið frá Grafarvogi í Reykjavík að Snorrabraut, þar sem lögreglumaður handtók ákærða. Enn fremur fyrir að aka bifreiðinni stórlega vanbúinni til aksturs greint sinn og hafa ekki mætt með hana til endurskoðunar á tilsettum tíma.

5. Fimmtudaginn 5. ágúst sömu bifreið frá Reykjavík upp í Hvalfjörð, þar sem lögreglumenn komu að ákærða sofandi undir stýri bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. og 2. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

1) Þriðjudaginn 11. maí 1971, klukkan 1100, var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt, að ölvaður maður væri við akstur bifreiðarinnar R 213. Lögregluþjónar fundu bifreiðina við verslunina Matval við Þinghólsbraut, og var ákærði einn í henni. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar bar hann ölvunarmerki. Ákærða var tekið blóð klukkan 1235 og hann síðan settur í fangageymslu. Skýrsla var svo tekin af honum klukkan 1540.

Í blóði ákærða fundust reducerandi efni, er svara til 1.08% af alkóhóli. Rannsókn þessa gerði rannsóknastofa prófessors Jóns

Steffensens svo og aðrar alkóhólsrannsóknir, sem til er vitnað í dómi þessum.

Ákærði kveðst hafa neytt áfengis kvöldið áður en þetta gerðist, en neitar því, að hann hafi bragðað áfengi um morguninn, og hann hafi ekki verið með áfengisáhrifum.

Vitnið Smári Sigurðsson lögregluþjónn, sem skýrslu gaf um atburð þennan, kom fyrir dóm 30. janúar s.l. Hann skýrði frá atvikum í samræmi við skýrslu sína. Kvað hann bifreiðina hafa verið kyrra, er að var komið. Hann segir, að eftir því sem hann muni best, hafi ákærði haft ótvíræð ölvunarmerki.

Vitnið Valdimar Jónsson lögregluvarðstjóri, sem fór á vettvang með Smára Sigurðssyni, kom einnig fyrir dóm 30. janúar. Hann kvað ákærða ekki hafa kannast við, að hann hefði neytt áfengis, en sagði, að sér hefði virst ákærði bersýnilega ölvaður. Hann kvað ákærða hafa verið óstöðugan á fótum, en að öðru leyti kvaðst hann ekki treysta sér til þess nú að tilgreina í einstökum atriðum ölvunarmerki ákærða.

Í vörn sinni hefur verjandi ákærða skýrt svo frá, að ákærði hafi fyrir mörgum árum lent í umferðarslysi og slasast svo á fæti, að hann bíði þess aldrei bætur. Sé hnjáliður ákærða svo, að hann sé jafnan nokkuð reikull í spori, sérstaklega eftir að hann hafi verið með hnéð í krepptri stellingu.

2) Síðdegis miðvikudaginn 16. júní 1971 ók ákærði bifreiðinni G 5406 frá Reykjavík upp í Leirársveit, sneri þar við á Fiskilækjarmelum og hélt síðan til baka, uns akstri lauk rétt ofan við brúna á Laxá í Leirársveit, þar sem bifreiðin fór að nokkru leyti út af veginum. Lögregluþjónar frá Akranesi komu og sóttu ákærða. Samkvæmt skýrslu Svans Geirdals lögregluþjóns var ákærði skammt frá bifreiðinni og var mjög ölvaður. Var hann fluttur til Akraness, en varð eigi yfirheyrður þá þegar sakir ástands síns. Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða klukkan 2330. Hann var síðan hafður í haldi, en næsta morgun tók Svanur Geirdal af honum varðstjóraskýrslu. Þar er haft eftir ákærða, að hann hafi lagt af stað úr Reykjavík um klukkan 1900 kvöldið áður og hann hafi neytt áfengis, um hálfrar flösku af hvannarótarbrennivíni, í bifreiðinni svo og að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að hann hætti að aka. Hins vegar hefur ákærði skorast undan að svara því, hvort hann hafi fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Undir skýrslu þessa hefur ákærði skrifað.

Í skýrslu þessari lýsir Svanur Geirdal ástandi ákærða þannig: Áfengisþefur: Talsverður. — Andlit (litarháttur): Þrútið. — Fatn-

aður: Velktur. — Framkoma: Prætugjarn. — Augu: Rauð. — Jafnvægi: Östðógt. — Framburður: Ruglingslegur.

Skýrslu sína hefur Svanur Geirdal staðfest, er hann kom fyrir dóm sem vitni 2. f. m. Hann segir, að sig minni, að ákærði hafi kannast við, að hann hafi neytt áfengis þegar í Breiðholti í Reykjavík, en þaðan hafi hann verið að koma.

Ákærði kom fyrir dóm, er dómsrannsókn fór fram 23. febrúar 1972. Hann skýrði svo frá, að hann hefði neytt vins, er hann hafi áð nálægt Botnsá í Hvalfirði, og eftir það hafi hann ekið, uns bifreiðin fór út af við Laxá. Hann kvaðst þá ekki muna, hvort hann hefði fundið áhrif áfengis við aksturinn.

Þegar mál þetta var síðan tekið fyrir 25. janúar s.l. kvaðst ákærði aftur á móti ekki kannast við, að hann hefði neytt áfengis, fyrr en eftir að akstri lauk. Hann kvaðst hafa verið að mæta bifreið og við það hefðu hjól bifreiðar sinnar farið of utarlega á vegbrúnina. Ákærði kvaðst síðan hafa farið að neyta áfengis, eftir að hann sá, að hann gat ekki haldið áfram ferð sinni.

Þegar lögregluþjónarnir komu á staðinn, voru þar fyrir tveir piltar, sem töldu sig hafa verið vitni að akstri ákærða. Hafa þeir báðir komið fyrir dóm sem vitni við meðferð máls þessa.

Vitnið Sveinn Vilberg Garðarsson verkamaður, Vitateig 5, Akranesi, 18 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið frá Akranesi í bíl með Péttri Jóhannssyni iðnnema, Jaðarsbraut 27, Akranesi. Er þeir hafi komið á vegamót Vesturlandsvegar, hafi þeir séð eitthvað af bílum við Laxárbrúna og sýnst eitthvað vera þar á seyði. Þeir hafi því ekið þangað. Þar hafi bifreið verið ofan við brúna og vegið salt á vegbrúninni. Ökumaðurinn hafi verið kominn út úr henni og sestur á árbakkann. Fleiri bifreiðar hafi verið þarna, en þær hafi síðan farið af staðnum. Ákærði hafi haldið sig á árbakkanum og setið þar lengst af, en þó eitthvað fært sig úr stað og hafi þeir Pétur séð, að hann slagaði. Föt hans hafi verið blaut, eins og hann hefði farið út í ána. Þar sem hann hafi verið augskýrnilega drukkinn, hafi þeir félagar ákveðið að gera lögreglu viðvart. Flutningabifreið hafi nú komið að sunnan og hafi Pétur farið suður yfir brúna móti henni og átt tal við bifreiðarstjórnann þar og fengið hann til að kalla í lögreglu gegnum talstöð. Flutningabifreiðin hafi síðan haldið áfram.

Sveinn Vilberg kveðst ekkert hafa talað við ákærða, meðan beðið var lögreglu. Ákærði hafi ekki neytt neins áfengis á þessum tíma, svo séð yrði. Sveinn Vilberg telur, að það hefði ekki farið fram hjá þeim Péttri, ef hann hefði gert það.

Vitnið Pétur Jóhannsson, 18 ára að aldri, segir, að er hann hafi verið að koma að mótum Vesturlandsvegar og vegarins út á Akranes, hafi hann séð bifreið koma ofan að Laxárbrúnni og virst hún vera að fara út af veginum, en hún hafi svo stöðvast skammt norðan við brúna. Pétur segir, að þegar þeir Sveinn Vilberg komu að bifreiðinni, hafi ökumaður verið kominn út úr henni og verið að fara niður að ánni. Pétur kveðst hafa átt tal við ökumann flutningabifreiðar, en Sveinn Vilberg hafi farið með honum að bifreiðinni. Pétur segir, að þeir félagar hafi aldrei séð ákærða neyta áfengis, meðan þeir biðu þarna, en það hefði ekki farið fram hjá þeim, ef hann hefði gert það. Pétur segir, að ákærði hafi alltaf verið niður við ána og þeir Sveinn ekkert talað við hann.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndust reducerandi efni samsvarandi 1.19% af alkóhóli.

3) Lögreglunni á Selfossi var tilkynnt föstudaginn 9. júlí 1971, klukkan 2345, að ölvaður maður svæfi í bifreiðinni G 5387 við Ásgarð í Grímsnesi. Lögregluþjónn og bifreiðaeftirlitsmaður, sem fóru á staðinn, fundu bifreiðina og fóru með hana til Selfoss svo og ákærða, sem svaf í aftursæti bifreiðarinnar ölvaður, er að var komið. Ákærða var tekið blóð, er síðar var rannsakað og sýndi reducerandi efni, er svara til 1.33% af alkóhóli.

Ákærði var samkvæmt skýrslu lögreglu eigi viðræðuhæfur og var því settur í geymslu á Litla-Hrauni. Næsta morgun, klukkan 1130, var tekin skýrsla af honum hjá lögreglunni. Hann skýrði svo frá, að laust fyrir hádegi daginn áður hefði hann ekið frá Reykjavík og í bifreiðinni með honum hefði verið Elín Guðmundsdóttir, Fornhaga 20. Þegar komið hafi verið austur á Selvogsheiði, hafi þau áð og þar hafi þau drukkið úr tveimur flöskum af áfengi, sem ákærði kveðst hafa haft meðferðis. Síðan kvaðst ákærði hafa lagst til svefns og er hann vaknaði, hefði Elín verið horfin. Kvaðst ákærði hafa svipast um eftir henni um hríð, en síðan ekið af stað. Ákærði kvaðst búast við, að hann hefði neytt áfengis við aksturinn, þótt hann myndi það ekki fyrir víst. Ákærði kvaðst síðast muna eftir sér, er hann hefði verið á leið um Ölfus fram hjá Hveragerði. Kvaðst ákærði viðurkenna, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn frá Selvogsheiði.

Skýrslu þessa hefur ákærði undirritað.

Framburður ákærða um þetta atriði við meðferð málsins hefur verið ruglingslegur. Hann kvaðst hafa haft með sér 2 flöskur af áfengi og gera ráð fyrir, að þau Elín hefðu neytt af því. Er ákærði var spurður um, hvort hann hefði fundið áfengisáhrif á leiðinni

frá Selvogsheiði og austur, svaraði ákærði: „Ekki varð ég var við það.“ Síðar hefur ákærði sagt það, að áfengisneysla þeirra Elínar hafi að vísu engan veginn verið svo mikil sem segir í skýrslu þeirri, sem hann gaf fyrir lögreglunni á Selfossi, en þó hljóti að hafa verið um ölvunarakstur að ræða.

Ekki tókst að fá Elínu Guðmundsdóttur fyrir dóm til þess að mæta í máli þessu.

Jón Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði G 5387. Skýrsla hans er rituð á þar til gert eyðublað, þar sem tilgreind eru skoðunaratriði, og er ýmist ekkert merkt við þau eða krossað annað hvort í dálk með yfirskriftinni „lélegt“ eða „óhæft“. Í skýrslunni eru afturljós og númersljós talin „óhæf“, en við eftirtalin atriði er merkt „lélegt“: Ljósastillingavottorð, — stöðuhemill (ritað við: slakur) — yfirbygging (aths.: „skröltir“), — framrúður (aths.: „laus í“), — höggvari (stuðari) (aths.: „laus“). Þá segir í skýrslunni: „Þarfnast viðgerðar strax og færist til endurskoðunar í síðasta lagi 15/7 1971“.

Jón Sigurðsson segir, að með athugasemdinni við ljósastillingavottorðið sé átt við, að ljósastilling hafi virst athugaverð og hafi þurft að stilla ljósin á ný. Ágallar þeir, sem voru á bifreiðinni, hafi ekki verið svo alvarlegir, að því er varðaði öryggi í umferð, en rétt þótt að leggja fyrir ákærða að bæta úr þeim.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að ákæruliðum 3—5 verði vísað frá dómi. Um kröfu þessa segir svo í varnarskjali verjandans:

„Framangreind frávísunarkrafa er byggð á því, að í ákæruskjali, tölulið nr. 3, er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni R-5387 undir áhrifum áfengis og stórlega vanbúinni til aksturs. Í skjölum málsins og í sakadómi er ýmist talað um bifreiðina R-5387 eða G-5387. Ég legg hér með fram ljósrit úr bifreiðaskrá Reykjavíkur varðandi bifreiðina R-5387, og kemur þar fram, að ákærði hefir ekki átt umrædda bifreið, og hefir hann heldur ekki ekið henni þrátt fyrir bókun um það í sakadómi hinn 25. janúar 1973. Sama gildir um töluliði 4 og 5, þar sem ákærða er gefið að sök að hafa ekið sömu bifreið. Tel ég því skv. 115. gr. laga nr. 82 frá 1961 og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 30/1965 í XXXVI, bls. 620, að vísa beri frá sakadómi þessum ákæruliðum.“

4) Þriðjudaginn 20. júlí 1971, klukkan 1805, handtók Þórarinn Gíslason lögregluþjónn ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni G 5387 á Snorrabraut móts við hús nr. 22, enda taldi Þórarinn sig finna vínlykt af honum. Samkvæmt skýrslum Þórarins og varð-

stjóra bar ákærði áberandi ölvunarmerki. Ákærða var tekið blóð klukkan 1840, og við rannsókn reyndust í því reducerandi efni, er samsvara 1.26% af alkóhóli.

Ákærði kveðst hafa neytt áfengis í Grafarvogi þennan dag og ekið þaðan að áðurnefndum stað. Hann kveðst þrátt fyrir áfengisneyslu sína ekki hafa fundið áfengisáhrif við aksturinn.

Bifreiðaeftirlitsmaður var fenginn til að skoða bifreiðina, og reyndust annmarkar þeir hinir sömu og við skoðun 9. júlí, sbr. næsta kafla hér að ofan. Skoðunina framkvæmdi Engilbert Guðmundsson bifreiðaeftirlitsmaður, og tók hann númer af bifreiðinni að henni lokinni. Engilbert hefur komið fyrir dóm við meðferð máls þessa. Af vottorðinu kveðst hann geta fullyrt, að skoðunin hafi farið fram, en ekkert kveðst hann lengur muna eftir henni.

Vitnið Þórarinn Gíslason kveðst upphaflega hafa vikið sér að ákærða til þess að benda honum á að greiða í stöðumæli og þá hafi hann séð, að ákærði hafi verið mjög torkennilegur í framkomu. Hann hafi verið undarlegur í tali og ekki virst skilja, hvað sagt var við hann.

Arnþór Ingólfsson tók áðurnefnda varðstjóráskýrslu af ákærða í lögreglustöðinni. Hann segir, að sér hafi virst ákærði mjög undir áhrifum áfengis. Hann hafi verið þvöglumæltur og reikull í spori, en annars kveðst Arnþór ekki eiga gott með að tilgreina nú eftir svo langan tíma einstök atriði, er varða ástand ákærða. Ákærði hefur ekki undirritað varðstjóráskýrsluna, svo sem gert er ráð fyrir á eyðublaðinu, og segir Arnþór, að hann fari því aðeins fram á undirskrift sakbornings, að ætla meg, að hann geri sér grein fyrir, undir hvað hann er að skrifa.

5) Föstudaginn 5. ágúst 1971 síðdegis komu lögregluþjónar úr Reykjavík að bifreiðinni G 5387, er stóð á brún þjóðvegarins vestan við Ferstiklu. Undir stýri bifreiðarinnar sat ákærði og var í annarlegu ástandi. Kveikjulaslykill bifreiðarinnar var í vasa hans. Útblástursgreinar bifreiðarinnar voru heitar. Lögregluþjónarnir kölluðu upp Akraneslögreluna, og komu lögregluþjónar þaðan til móts og tóku við ákærða. Samkvæmt skýrslu, sem Helgi Daníelsson varðstjóri tók af ákærða, kvaðst hann hafa verið að drekka áfengi, hálfa flösku af brennivíni, en hann vildi ekki svara, hvar hann hefði verið við drykkjuna né hvenær. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis að loknum akstri. Ákærða var tekið blóð klukkan 1645, og við rannsókn fundust í því reducerandi efni, er svara til 1.21% af alkóhóli.

Ákærði kom fyrir dóm við dómsrannsókn 23. febrúar 1972.

Hann kvaðst þá hafa ekið G 5387 upp í Hvalfjörð og numið þar staðar og snætt og neytt vins. Síðan hefði hann sofnað, en verið síðar vakinn af lögreglumönnum. Hann taldi sig ekki hafa ekið bifreiðinni, eftir að hann hóf áfengisneyslu.

Við meðferð máls þessa skýrði ákærði svo frá, er hann kom fyrir dóm 25. janúar s.l., að hann hefði stöðvað bifreiðina við veginn „í fyrsta gili vestan við Botnsá“ og snætt þar og tekið snaps með. Síðan hefði hann lagt sig. Þegar ákærða var bent á það, að það hefði ekki verið á þessum stað, heldur vestan við Ferstiklu, sem lögregluþjónar hefðu komið að honum í bifreiðinni, svaraði ákærði því til, að hann sé vanur að stansa í áður nefndu gili og því hefði hann gert ráð fyrir, að hann hefði gert það í þetta skipti.

Vitnið Pétur Þorsteinn Maack, stud. theol., Selvogsgrunni 33, sem gegndi störfum lögregluþjóns umrætt sumar og var annar þeirra, sem kom að ákærða í bifreið sinni, segir, að bifreiðin hafi staðið á hægri vegarbrún skammt fyrir utan Ferstiklu og snúið til vesturs. Ákærði hafi eins og sofið fram á stýrið og verið í annarlegu ástandi, líkustu ölvun, nema hvað áfengislykt hafi ekki verið af honum.

Hinn lögregluþjónninn, Ríkharrð Björnsson, skýrir frá á sama hátt og Pétur Þorsteinn. Hann kveðst ekki hafa talið, að ákærði væri ölvuður, og ekki hafi verið vínlykt af honum, en hann hafi verið í mjög annarlegu ástandi. Hann hafi verið í djúpum svefni, er að var komið, og erfitt að vekja hann. Hann hafi kvartað um veikindi. Ríkharrð segir, að bifreiðin hafi staðið skammt vestan við, þar sem vegurinn yfir í Svínadal liggur af Vesturlandsveginum.

Vitnið Helgi Daníelsson rannsóknarlögregluþjónn, sem áður var í lögreglunni á Akranesi, kom til móts við lögregluþjónana úr Reykjavík og tók við ákærða. Staðfesti hann það, sem í varðstjóráskýrslunni er haft eftir ákærða, svo og lýsingu þá, sem þar er skráð á ölvunarmerkjum á ákærða, en hún er á þessa leið: Áfengisþefur af andardrætti: Sterkur. — Fatnaður: Snyrtilegur. — Framkoma: Kærulaus. Þrætugjarn. — Augu: Blóðhlaupin. — Jafnvægi: Mjög óstöugt. — Málfar: Þvöglulegt. — Framburður: Ruglingslegur.

Þegar Helgi bar vitni, kvað hann þó áfengislykt eigi hafa verið mikla af ákærða, og eins minnti hann, að fatnaður hans hefði verið velktur eða eitthvað athugavert við hann.

Niðurstöður.

Krafa verjanda ákærða um, að vísað verði frá dómi ákæruliðum 3—5, vegna þess að í ákærulið 3 hefur misritast bifreiðarnúmer,

sem er að sjálfsögðu aukaatriði verknaðarlýsingarinnar, er fjarstæðukennd og verður ekki tekin til greina. Verður efnisdómur lagður á öll atriði ákæru.

1. Ákærði ók bifreiðinni R 213 frá Seltjarnarnesi suður í Kópavog 11. maí 1971. Með framburðum vitna og alkóhólákvörðun í blóðsýni þykir fullsannað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn, og varðar það ákærða refsingu samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

2. Ákærði var ölvaður, er lögregluþjónar handtóku hann við Laxá í Leirársveit 16. júní 1971, og reyndist alkóhól í blóðsýni, sem tekið var þetta kvöld, 1.19%. Ákærði hafði að vísu beðið þarna nokkra stund, frá því akstri lauk, og telur sig hafa neytt áfengis á þeim tíma. Hvort tveggja er, að sá framburður ákærða er eftir öllum atvikum mjög ósennilegur, og samkvæmt framburði Péturs Jóhannssonar og Sveins Vilbergs Garðarssonar neytti hann ekki áfengis, meðan beðið var komu lögreglunnar. Loks hefur ákærði fyrir dómi við rannsókn málsins kannast við, að hann hafi neytt áfengis við Botnsá og ekið bifreiðinni eftir það. Verður því talið sannað, að ákærði hafi ekið bifreið og verið undir áhrifum áfengis í þetta skipti, og varðar það við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

3. (a). Sannað þykir með framburði ákærða sjálfs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar G 5387 (ekki R 5387, eins og misritast hefur í ákæru) af Selvogsheiði austur í Grímsnes 9. júlí 1971 og unnið þannig, þegar litið er til alkóhólmagns í blóði ákærða (1.33 %), til refsingar samkvæmt 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

(b). Ástand bifreiðar ákærða var slíkt, að bifreiðaeftirlitsmaður taldi eðlilegt að leggja fyrir ákærða að láta bæta það, en ósannað þykir, að gallar þessir hafi verið verulegir, nema gallar á ljósabúnaði, en þá er aftur þess að gæta, að ekki er fram komið, að ákærði hafi ekið bifreið á ljósatíma. Samkvæmt þessu verður ákærði ekki dæmdur í refsingu fyrir vanbúnað á bifreiðinni.

4 (a). Sannað er með framburði ákærða og vitna og alkóhólákvörðun í blóði (alkóhólmagn 1.26%), að ákærði ók G 5387 úr Grafarvogi niður á Snorrabraut hinn 20. júlí 1971 og var undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hann hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Er þá höfð í huga hugsanleg mælingarskekkja við alkóhólákvörðunina.

(b). Ákærði hafði ekki bætt úr göllum þeim, sem reynst höfðu vera á bifreið hans 11. júlí, sbr. 3 hér að framan, og þykir hann þannig hafa bakað sér refsíábyrgð samkvæmt 19., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

5. Ákærði fannst sofandi í bifreið sinni vestan við Ferstiklu. Ástand hans reyndist vera ölvunarástand, sbr. alkóhólákvörðun í blóðsýni. Hann kveðst hafa neytt áfengis í bifreiðinni skammt vestan við Botnsá. Verður því að telja, að hann hafi ekið bifreiðinni þaðan og á þann stað, þar sem hann fannst í bifreið sinni. Ákærði hefur þannig, þegar litið er til alkóhólmagns í blóði (1.21 %) og hugsanlegrar mælingarskekkju við alkóhólákvörðunina, unnið til refsingar samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Ölvunarakstur ákærða er í ákærunni talinn varða við 24. gr. áfengislaga auk 25. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga varðar ölvun við bifreiðarstjórn eigi lægri refsingu en varðhaldi, ef brot er ítrekað eða ef alkóhólmagn í blóði ökumanns nær 1.20%. Ölvunarakstur varðar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga sviptingu ökuleyfis eigi skemur en einn mánuð, en þó eitt ár hið minnsta, ef alkóhólmagn í blóði ökumanns nær 1.20%.

Samkvæmt 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga 82/1969 varðar ölvun við stjórn ýmissa tækja, þar á meðal bifreiðar, hins vegar 1.000 — 5.000 kr. sekt við fyrsta brot, en öðru sinni 2.000 — 10.000 kr. sekt. Ökuleyfissvipting verður samkvæmt þessum ákvæðum áfengislaga eigi dæmd skemmri tíma en 3 mánuði.

Ákvæði umferðarlaga og áfengislaga um ölvun við bifreiðarstjórn eru þannig alls ekki í samræmi og verður ekki beitt samtímis, heldur verður að taka afstöðu til þess, hvorum ákvæðunum skuli beita og hvor skuli víkja.

Þegar ákvæði umferðarlaga 26/1958 um þessi efni voru sett, voru jafnframt felld úr gildi fyrri ákvæði bifreiðalaga. Ákvæði 24. gr. áfengislaga 58/1954 um bifreiðarstjóra láðist aftur á móti að afnema berum orðum, en ekki er efamál, að hin nýju ákvæði umferðarlaga viku þeim til hliðar. Skiptir hér ekki máli, þótt dómstólar hafi iðulega vitnað til 24. gr. áfengislaga, er dæmd voru viðurlög fyrir ölvun við akstur. Viðurlögin hafa ævinlega verið miðuð við þau mörk, sem í umferðarlögum greinir, en eigi fylgt ákvæðum áfengislaganna.

Umferðarlögin voru gefin út á ný 1968 (lög 40/1968), en engin breyting var þá gerð á þeim ákvæðum, sem hér er um að ræða.

Nú gerðist það 1969, að gerð var breyting á áfengislögnum og lögin síðan gefin út á ný sem lög 82/1969. Flutu ákvæði 24. gr. og 45. gr. laganna þá með óbreytt.

Er þá spurningin sú, hvort telja beri, að með endurútgáfu áfengislaganna 1969 hafi refsíákvæði umferðarlaganna um ölvun við akstur verið felld úr gildi eða þeim breytt, þannig að nú megi beita sektum fyrir þau brot, jafnvel þótt alkóhólmagn í blóði sé meira en 1.20‰ eða brot sé ítrekað, en að ökuleyfissvipting verði aftur á móti eigi dæmd skemmri tíma en 3 mánuði.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að eftir sem áður beri að beita hinum sérhæfðu ákvæðum umferðarlaga um bifreiðarstjóra framfar hinum almennari ákvæðum áfengisлага um stjórnendur ýmissa tækja. Verða 24. gr. og 45. gr. áfengisлага taldar marklausar, að því er varðar bifreiðarstjóra. Ákærði verður þannig ekki dæmdur samkvæmt þeim í máli þessu.

Ákærði var 1. febrúar 1967 dæmdur í 2.500 króna sekt og sviptur ökuleyfi 1 ár fyrir brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum. Síðan hefur hann ekki sætt refsingum, nema einni 100 kr. sekt fyrir umferðarbrott (1964).

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin varðhald 30 daga.

Ákærði hefur unnið til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga. Í málinu er komið fram, að lögreglan á Akranesi lagði hald á ökuskírteini ákærða 5. ágúst 1971. Skírteinið var sent bæjarfógetanum í Hafnarfirði ásamt öðrum gögnum um brot ákærða, sem þá var til heimilis á Seltjarnarnesi. Ákærði var aldrei formlega sviptur ökuleyfi sínu til bráðabirgða, svo sem gert er ráð fyrir í umferðarlögum, en honum var heldur ekki afhent skírteinið. Eftir að meðferð máls þessa hófst, hafði dómari málsins upp á skírteini ákærða, og tók hann við því 2. f. m.

Verjandi ákærða krefst þess, að sá tími, sem ákærði var án ökuskríteinis, komi til frádráttar hugsanlegum ökuleyfissviptingartíma, ef ákærði verður sakfelldur.

Ef um sviptingu ökuleyfis um ákveðinn tíma væri að ræða, kæmi til álita að fallast á þessa kröfu. Hins vegar verður að telja, þegar litið er á hin mörgu brot ákærða, að hann hafi fyrirgert rétti til ökuleyfis fyrir fullt og allt. Verður hann sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og niðurlagi 178. gr. laga 82/1961 verður ákveðið, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Loks verður ákærði dæmdur til þess að greiða allan kostnað

sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómara þeim, sem kveður upp dóm þennan, var falin meðferð máls þessa 8. desember s.l.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörleifur Jónsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dóms-
ákvæðis.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Þriðjudaginn 22. janúar 1974.

**Nr. 61/1972: Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

gegn

Skúla Pálssyni

og gagnsök

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur
Jörundsson.**

Skaðabótamál. Stjórnsýsla. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Í Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.